Kjósarsýsludeild: Sjálfböðamiðstöð Þverholti 7. Opið hús þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 10-13. Allir velomnir. Fjölbreytt dagskrá í boði. Upplýsingar um dagskrá á heimasíðu deildarinnar. Nánari upplýsingar í síma 898-6065 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið kjosarsysla@redcross.is.

Kópavogsdeild: Sjálfböðamiðstöð Hamraborg 11. Opin alla virka daga frá kl. 10-16. Nánari upplýsingar í síma 554 6626 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið kopavogur@redcross.is.

Reyðarfjarðardeild: Miðstöð atvinnuleitenda Búðareyri 1, Reyðarfirði. Opin alla virka daga frá 9-16. Nánari upplýsingar í síma 471 2838.

Reykjavíkurdeild: Sjálfböðamiðstöð Laugavegi 120. Opin alla virka daga 9-16 nema föstudaga 9-15. Nánari upplýsingar í síma 454 0400 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið reykjavik@redcross.is. Rauðakrosshúsið Borgartúni 25 Reykjavík. Opið alla virka daga frá kl. 12-17. Nánari upplýsingar í síma 570 4090 og á www.raudakrosshusid.is

Stöðvarfjarðardeild: Rauði krossinn Heimalundur Fjarðarbraut 48 Stöðvarfirði. Opið hús á mánudögum frá kl. 19:30–21:30. Nánari upplýsingar veitir Þóra Björk Nikulásdóttir í síma 8476678.

Sjálfboðastörf hjá Rauða kross Íslands

Fjölbreytt sjálfboðastarf, t.d. heimsóknarvinir, vinanet, skyndihjálparhópar ofl.

Sjá meira á vefsíðunni:

http://redcross.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?name=skra_sjalfbodalida

Rauði kross Íslands

Efstaleiti 9, 103 Reykjavík

Sími: 570 4000

Heimasíða: www.redcross.is

Netfang: central@redcross.is

Rauðakrosshúsið

Rauðakrosshúsið er miðstöð fyrir alla landsmenn þar sem þeim gefst tækifæri til að sækja ýmiss konar námskeið og fá fræðslu og sálrænan stuðning. Með starfseminni vill Rauði krossinn veita einstaklingum og fjölskyldum stuðning til að takast á við breyttar aðstæður eða nýta krafta sína öðrum til gagns. Félagsstarfið og fræðslan er opið öllum. Lögð er áhersla á samvinnu, stuðning og sjálfboðna vinnu. Starf Rauðakrosshússins er byggt á áralangri reynslu félagsins af viðbrögðum í neyð.

Í miðstöðinni er tölvuver, kaffihorn, krakkahorn og þar eru haldin fjölbreytt, gjaldfrjáls námskeið. Dagskráin er afar fjölbreytt og samanstendur af ýmsum föstum liðum eins og leshring, gönguhóp, sálrænum stuðning og tölvuaðstoð – og öðrum tilfallandi viðburðum. Ný dagskrá er gefin út vikulega og má finna hana á heimasíðu hússins.

Fjölbreyttir fyrirlestrar, námskeið, kynningar og affreying eru í boði alla daga í Rauðakross húsinu, Borgartúni 25. Opnunartíminn er 12:00 – 17:00 alla virka daga. Aðgangur ókeypis. Dagskráin breytist vikulega og er birt á heimasíðu hússins.

Rauðakrosshúsið

Borgartún 25, 105 Reykjavík

Sími: 570 4000

Heimasíða: www.raudakrosshusid.is

Netfang: raudakrosshusid@redcross.is

3.2.19 Alþjóðlegir foreldramorgnar í Alþjóðahúsi

Alþjóðlegir foreldramorgnar

Alþjóðlegir foreldramorgnar í Alþjóðahúsi í Breiðholti eru haldnir vikulega. Við bjóðum velkomna foreldra allra landa sem eru með börn á aldrinum 0-6 ára og vilja hitta aðra með lítil börn. Boðið er upp á samverur þar sem reglulega fer fram stutt íslenskukennsla fyrir foreldrana og fjölbreyttar kynningar. Leikföng fyrir börnin eru á staðnum og léttar veitingar eru í boði. Þátttaka er ókeypis. Allir eru velkomnir, innfæddir og innflytjendur, hvort sem þeir tala enga eða einhverja íslensku.

Tími: Þriðjudagar kl. 10.00-11.30

Staður: Alþjóðahús í Breiðholti, Gerðubergi 3-5, 111 Reykjavík.

Allar upplýsingar gefur Erla í síma 698 2805 eða erla@ahus.is

International parents' mornings are held weekly in the Intercultural Centre in Breiðholt. We welcome parents of all nationalities who have children at the age of 0-6 years, and who want to meet other parents with small children. We regularly offer a short Icelandic lesson for the parents and various other presentations. We provide refreshments along with toys for the

children to play with. Participation is free and everyone is welcome, whether immigrants or Icelanders, and no knowledge of Icelandic is required.

Alþjóðahús / Intercultural Center

Gerðuber 3-5

111 Reykjavík

Sími: 698 2805 (Erla)

Heimasíða: www.ahus.is

Netfang: erla@ahus.is

3.3 Fyrirlestrar

3.3.1 Háskólinn í Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík býður upp á fjölbreytta fyrirlestra í hádeginu og um eftirmiðdaginn. Dagskránná má finna á vefsíðunni: <http://ru.is/?pageid=2442>

Háskólinn í Reykjavík

Ofanleiti 2, 103 Reykjavík

Sími 599 6200

Heimasíða: www.ru.is

Netfang: ru@ru.is

3.3.2 Háskóli Íslands

Fjölbreyttir fyrirlestrar eru í boði í Háskóla Íslands, bæði í hádeginu og um eftirmiðdaginn, sjá <http://www.hi.is> til þess að lesa dagskrána. Aðgangur ókeypis.

Mannlíf og kreppur

Háskóli Íslands hefur staðið fyrir áhugaverðri fyrirlestrarröð sem kallast "Mannlíf og kreppur".

Allir fyrirlesarar gáfu vinnu sína. Hver fyrirlestur er stuttur, eða frá 15-25 mínútum. Meðal fyrirlesara eru: Guðrún Nordal, Björg Thorarensen, Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Gylfi Zoega, Gylfi Dalmann og Engilbert Sigurðsson.

Nánari upplýsingar um fyrirlestrana er að finna á slóðinni:

http://www.hi.is/is/mannlif_og_kreppur

Háskóli Íslands

Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Heimasíða: www.hi.is

3.4 Námskeið

3.4.1 „Óðsmál in fornu“

Fjölbreyttur fróðleikur um forna siði og rannsóknir á ævaforri þekkingu. Til hvers erum við að fæðast og lifa?

Vefslóð: <http://www.mmedia.is/odsmal/>

3.4.2 Tölvuskólinn Ísoft

Atvinnulausum gefst kostur á að skrá sig á eftirtalin tölvunámskeið sem haldin eru í samvinnu við Vinnumálastofnun og er þátttaka atvinnulausum að kostnaðarlausu. Skráning og upplýsingar á vegum ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

- Tölvunám byrjenda (60 std)
- Tölvunám fyrir lengra komna (60 std Windows,Word, Excel, Internet og Outlook)
- Vefsíðugerð 1 (Dreamweaver - Photoshop)

Jafnframt niðurgreiðir Vinnumálastofnun sum námskeið um allt að 50% skv. nánari reglum þar um en styrkupp hæð getur þó ekki orðið hærri en 70 þús.

Tölvuskólinn Ísoft

Skeifunni 11b, 108 Reykjavík

Sími: 511 3080

Heimasíða: www.isoft.is

Netfang: isoft@isoft.is

3.4.3 Starfsmennt

Fræðsla og margs konar námskeið fyrir opinbera starfsmenn, t.d. tölvunámskeið ofl.

Námskeiðin eru án endurgjalds fyrir félagsmenn aðildarfélaga Fræðsluseturs Starfsmenntar.

Nánari upplýsingar um námskeiðin: http://www.smennt.is/smennt/namskeid_og_thjalfun/

Fræðslusetrið Starfsmennt

Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

Sími: 525 8395

Heimasíða: www.smennt.is

Netfang: smennt@smennt.is

3.4.4 Maður lifandi

Ýmis námskeið um næringu og matvöru sem kosta um 1500 kr.

Maður lifandi

Borgartúni 24, 105 Reykjavík

Sími: 58 58 710

Heimasíða: www.madurlifandi.is

Netfang: madurlifandi@madurlifandi.is

Maður lifandi

Hæðasmára 6, 201 Kópavogur

Sími: 585 8700

3.4.5 Hringsjá

Hringsjá er náms- og starfsendurhæfing fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnu- markaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla.

Opnunartími er mánudaga - fimmtudags frá kl. 8:30-12:00 og 13:30-15:30,
en á föstudögum frá kl. 8:30-12:00.

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing,

Hátúni 10d, 105 Reykjavík

Símar: 510 9380 / 562 2840 / 552 9380

Heimasíða: www.hringsja.is

Netfang: rinda@hringsja.is

3.4.6 Vinnumálastofnun

Á vef vinnumálastofnunar má finna yfirlit yfir fjölbreytt og gagnleg námskeið, sem teljast til vinnumarkaðsúrræða

(http://www.vinnumalastofnun.is/files/N%C3%A1mskei%C3%B0%20%C3%A1%20vor%C3%B6nn%202009_138205555.pdf) Nauðsynlegt er að skrá sig hjá Vinnumálastofnun.

Dæmi um námskeið:

Námskeið í gerð ferilskrár/kynningarbréfs (2 klst.)

Farið í grunnatriði við gerð ferilskrár/kynningarbréfs. Fjallað verður um helstu aðferðir í atvinnuleit.

Vinnuklúbbur – BTM : breytingar – tækifæri – markmið (2 vikur)

Hlutverk BTM er að hjálpa atvinnuleitendum að skoða lífsstöðu sína og aðstoða við að takast á við þær breytingar sem verða við atvinnumissi og þær þjóðfélagslegu breytingar sem Ísland stendur nú frammi fyrir.

Sjálfsþróun- og forvarnanámskeið (3 klst.)

Áhrif atvinnumissis - Varnir gegn kvíða og depurð - Aðlögun að nýjum aðstæðum-

Hugsa upp á nýtt - Greina erfiðleika og takast á við þá -Koma auga á tækifæri -

Efla sjálfa(n) sig

Vinnumálastofnun

Engjateig 11, 105 Reykjavík

Sími: 515 4850

Heimasíða: www.vinnumalastofnun.is

Netfang: postur@vmst.is

3.4.7 Öku- og vinnuvélaskólinn

Öku- og vinnuvélaskólinn er í samstarfi við marga aðila. Opinber eftirlitsaðili með ökunámi er Umferðarstofa en málaflokkurinn í heild heyrir undir samgönguráðuneyti. Vinnueftirlitið er opinber eftirlitsaðili með vinnuvélanámi en málaflokkurinn heyrir undir félagsmálaráðuneyti.

Boðið er upp á ýmis námskeið eins og: Vinnuvélanámskeið, Meira próf, almennt ökuþróf og námskeið í vistakstri.

Öku- og vinnuvélaskólinn

Símar: 482 3070 / 894 2737

Heimasíða: www.ovs.is

Netfang: knutur@ovs.is

3.4.8 Miðstöð símenntunar – Námsflokkar Hafnarfjarðar

Markmið Námsflokka er að gefa almenningi tækifæri til að efla grunnmenntun sína og stuðla að aukinni þátttöku fólks í námi og hagnýtri fræðslu.

Helstu svið í starfsemi Námsflokka Hafnarfjarðar:

- Bóklegt og verklegt frístundanám, m.a. fjölbreytt tungumálanám, handverks- og listgreinar.
- Íslenskunám fyrir útlendinga.
- Námsaðstoð fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur.
- Tölvunám, bókhalds- og rekstrarnám.
- Fluguköst og fluguhnýtingar í samvinnu við Stangveiðifélag Hafnarfjarðar.
- Námskeið í garðhönnun og garðyrkju.
- Tónlist - gítar, hljómborð, saxófónn, harmonikka, trommur, blokkflauta, fiðla og söngnám.
- Sviðslistanám - leiklist, danslist og sönglist.
- Námskeið er varða heilsu, útlit og hreysti m.a. nudd, stafaganga, jóga og förðun
- Námskeið fyrir flokkstjóra Vinnuskólans.
- Prófanám í samvinnu við Flensborgarskóla sem metið er til eininga.
- Starfs- og símenntun fyrir fólk í atvinnulífinu.
- Ýmis námskeið og fræðslufundir sem eru áhugaverð á hverjum tíma.
- Sí- og endurmenntun fyrir kennara leik- og grunnskóla.
- Fjarnám á háskólastigi í samstarfi við Háskólann á Akureyri
- Sí- og endurmenntun fyrir kennara leik- og grunnskóla.
- Fjarnám á háskólastigi í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Námsflokkar Hafnarfjarðar

Skólabraut, 220 Hafnarfjörður

Sími: 585 5860

Heimasíða: www.nhms.is

Netfang: nhms@hafnarfjordur.is

3.4.9 Kvennasmiðjan

Kvennasmiðjan er verkefni um endurhæfingu einstæðra mæðra sem unnið er í samstarfi við Tryggingastofnun ríkisins, Velferðarsvið og Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts er móðurstöð verkefnisins. Markmiðið er að styrkja einstæður mæður sem ekki hafa verið á vinnumarkaði um nokkurt skeið og styðja þær til sjálfshjálpar.

Markmið: Að styrkja einstæður mæður sem ekki hafa verið á vinnumarkaði um nokkurt skeið og styðja þær til sjálfshjálpar.

Námið: Í hverjum hópi er 16-20 konur. Kennt er 4-5 sinnum í viku í 18 mánuði. Námið er þríþætt; skapandi, hagnýtt og sjálfstýrkjandi. Kennar eru bæði bóklegar og verklegar greinar.

Frekari upplýsingar eru á vefsíðunni: <http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-1667/>

Kvennasmiðjan

Reykjavíkurborg

Símaver: 4 11 11 11

Netfang: upplysingar@reykjavik.is

3.4.10 Framvegis

Framvegis, miðstöð um símenntun er sjálfstætt fræðslufyrirtæki í eigu Verslunarskóla Íslands, BSRB, Sjúkraliðafélag Íslands, SFR stéttarfélags í almannþjónustu og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Framvegis vinnur í nánu samstarfi við ofangreinda aðila sem og Fræðslusetrið Starfsmennt, Alþjóðahúsið og símenntunarstöðvar landsins.

Framvegis hefur fram að þessu lagt höfuðáherslu á símenntun stétta í heilbrigðis- og félagsþjónustu, en þjónusta við aðrar starfsstéttir eins og starfsfólk í skrifstofu-, verslunar- og þjónustustörfum er vaxandi þáttur í starfsemi Framvegis. Þjónustusvæði Framvegis er allt landið og eru námskeiðin mörg hver kennd í gegnum fjarfundabúnað til símenntunarstöðva á landsbyggðinni.

Framvegis

Síðumúl1 6, 108 Reykjavík

Sími: 581 4914

Heimasíða: <http://www.framvegis.is/>

Netfang: framvegis@framvegis.is

3.4.11 Tölvunámskeið - NTV

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn (NTV) veitir öllum skjólstæðingum Vinnumálastofnunar 25% afslátt af þeim námskeiðum sem upptalin eru á bls. 3. Þar til viðbótar veitir Vinnumálastofnun 50% námsstyrk, þó að hámarki 70.000. Ef einstaklingur hefur áunnið sér rétt til námsstyrks hjá sínu verkalýðsfélagi, bætist hann við ofangreind afsláttarkjör.

NTV veitir afslátt af starfsnámi, námi í margmiðlun og tækninámi fyrir einstaklinga í atvinnuleit sem skráðir eru hjá Vinnumálastofnun. Sjá frekari upplýsingar í eftirfarandi bæklingi: <http://www.ntv.is/pdf/NTV-Vinumidlun-9A13.pdf>

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn (NTV)

Hlíðarsmára 9 , 201 Kópavogur

Sími: 544 4500

Heimasíða: www.ntv.is

Netfang: ntv@ntv.is

3.4.12 Mímir – símenntun

Mímir starfar á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar og er stærsta símenntunarmiðstöð landsins. Mímir leggur ríka áherslu á að veita fjölpætt og haldgott nám fyrir fullorðna, þróa námsleiðir og að vera hvetjandi afl fyrir fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar.

Fjölbreytni í námsvali hefur aukist stöðugt undanfarin ár og bjóðast nú hjá Mími hátt í 500 námskeið og námsleiðir fyrir mjög breiðan hóp fólks ef litið er til aldurs, menntunar og þjóðernis.

Hjá Mími er unnið markvisst að því að efla færni fólks og bæta þannig stöðu þess á vinnumarkaði. Mímir fylgir gæðakerfi og gæðamati sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað og leggur áherslu á kennsluaðferðir sem henta fullorðnu fólki og skipulagningu náms sem tekur mið af þörfum vinnandi fólks sem og atvinnulífinu.

Fjölbreytt úrval námsleiða

- **Aftur í nám** - Nám fyrir fólk sem komið er af unglingsaldri og á við með lestrar- og skriftarörðugleika að stríða.
- **Færni í ferðapjónustu** - 60 kennslustunda námsleið sem er hönnuð sérstaklega með þarfir ferðapjónustu í huga.
- **Grunnmenntaskólinn** - 300 kennslustunda nám fyrir fólk sem hefur stutta skólagöngu að baki.
- **Jarðlagnatækni** - Nám ætlað þeim sem vinna við nýlagnir, endurbætur, viðhald og viðgerðir rafstrengja, vatnslagna, hitalagna, fjarskiptalagna og fráveitna í jörð.
- **Landnemaskólinn** - Fyrir fólk af erlendum uppruna sem hefur náð nokkru valdi á íslensku, hefur t.d. lokið 150 stunda íslenskunámi.
- **Verslunarfagnám** - Sérstaklega hannað fyrir starfandi verslunarfólk sem sinnir almennum verslunarstörfum.

Ýmis frístundanámskeið í boði:

Tungumál: Mímir býður upp meira en 70 mismunandi tungumálanámskeið fyrir fullorðna og börn, á mismunandi þyngdarstigum. Mest er um námskeið í ensku og spænsku en á undanförunum árum hefur áhugi nemenda hjá Mími vaxið á málum frá fjarlægum málsvæðum s.s. japönsku, kínversku, rússnesku og arabísku. Sama má segja um norræn mál sérstaklega norsku. Flestir kennara hjá Mími hafa tungumálið sem þeir kenna að móðurmáli.

Gagn og gaman: Mímir – símenntun býður upp á meira en 20 mismunandi námskeið þessum flokki sem inniheldur allt frá sauma- og þrjónanámskeiðum yfir í Feng-Shui fræði, moltugerð, námskeið um íslenskar nytjajurtir o.fl. Námskeið í þessum flokki hafa notið mikilla vinsælda, sérstaklega þau sem snúa að íslenskum heimilisiðnaði.

Listir og menning: Mímir – símenntun býður upp á fjölda námskeiða á sviði lista og menningar s.s. námskeið sem tengja saman ferðalög og fróðleik, myndlistarnámskeið, námskeið um menningarheim araba, manga – japanskar myndasögur, leiklistarnámskeið o.m.fl.

Mímir símenntun

Skeifunni 8, 108 Reykjavík

Sími: 580 1800

Heimasíða: www.mimir.is

Netfang: mimir@mimir.is

3.4.13 Neytendasamtökin- Fjármálanámskeið

Neytendasamtökin eru frjáls félagsamtök. Félagsmenn og fjölskyldur þeirra fá m.a. leiðbeiningar um rétt sinn og aðstoð til að ná fram rétti sínum. Félagsmenn geta fengið rafrænt heimilisbókhald og aðgang að alls kyns gæða- og markaðskonnum á læstu svæði á heimasíðunni www.ns.is.

Þeir sem ekki eru félagsmenn fá upplýsingar rétt sinn í neytendaviðskiptum og um leiðir til að sækja rétt sinn. Símatími er tvisvar í viku fyrir almenning (utan félags) á mánudögum og fimmtudögum kl. 10:00-12:00.

Í samstarfi við Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög eru haldin námskeið í fjármálum heimilanna, þar sem farið er yfir kosti þess að halda heimilisbókhald, sparnaðarráð og úrræði fólks í greiðsluferfiðleikum. Námskeiðin og heimilisbókhaldsforrit er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Sérstök námskeið fyrir ungmenni eru haldin í samstarfi við Hitt húsið undir fyrirsögninni Klár í kreppu. Þar er farið yfir námsefnið Fjárinn sem er fjármála- og neytendafræðsla fyrir ungt fólk. Námskeið og námsefni er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Neytendasamtökin

Hverfisgata 105, 1. hæð, 101 Reykjavík

Sími: 545 1200

Heimasíða: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

3.4.14 Endurmenntun Háskóla Íslands

Endurmenntun veitir einstaklingum í atvinnuleit afslátt sem miðast við fjölda þeirra námskeiða sem valin eru. Vinnumálastofnun veitir einnig styrk sem nemur 50% af heildarupphæð en þó aldrei hærra en kr. 70.000. Stéttarfélögin styrkja jafnframt félagsmenn sína til að sækja nám eða námskeið.

Sjá bækling á heimasíðu Endurmenntunar HÍ

(http://www.endurmenntun.hi.is/endurmenntun/pdf/Baeklingur_Styrktu%20stöðu%20þína_í%20atvinnuleit_V09_med_forsidu.pdf) um námskeið sem lúta að þörfum atvinnuleitenda.

Mörg stéttarfélög styrkja félag sína til náms. Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?

Endurmenntun HÍ

Dunhaga 7, 107 Reykjavík

Sími: 525 4444

Heimasíða: www.endurmenntun.hi.is

Netfang: endurmenntun@hi.is

4 List og menning og tómstundir

4.1 Líkamsrækt

4.1.1 Sjósund í Nauthólsvík

Aðgangur að ströndinni, setlaugum, búningsklefum og salernum er ókeypis en greiða þarf 200 kr. fyrir að geyma föt í fatageymslu Ylstrandarinnar. Hægt er að kaupa kaffi, gos og gotteri í Strandkaffi, veitingasölu Ylstrandar.

Sumaropnun er frá 16. maí til 31. ágúst og er opnunartími frá kl. 10.00-20.00 alla daga. Hitastig sjávarlónsins er um 18° - 20°C að meðaltali þegar það er blandað með heitu vatni.

Vetraropnun Ylstrandar er á mánudögum kl. 17.00-19.00, á miðvikudögum kl. 11.00-13.00 og kl. 17.00-19.00 og á föstudögum kl. 11.00-13.00. Ókeypis er í búningsklefa, sturtur og heitan pott.

Börnum yngri en 8 ára er óheimill aðgangur nema í fylgd syns einstaklings, 14 ára eða eldri. Gestir Ylstrandarinnar eru á eigin ábyrgð, öryggisgæsla er á svæðinu. Reykingar, neysla áfengis, hundahald og umferð reiðhjóla og ökutækja er með öllu bönnuð á Ylströndinni.

Ylströndin Nauthólsvík

Póstfang: Frístundamiðstöðin Kampur, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík

Sími 511 6630

Netfang: vr@vr.is

Heimasíða: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-292>

Bloggsíður: <http://sjosund.blogspot.com/>

<http://sjosund.blogcentral.is/>

4.1.2 Bæjarráð Kópavogs

Bæjarráð Kópavogs greiðir fyrir sex mánaða bókasafnskort og sömuleiðis þriggja mánaða kort til að stunda líkamsrækt, hvort heldur er í sundlaugum bæjarins eða líkamsræktarmiðstöðvum, fyrir Kópavogsbúa sem eru á atvinnuleysisbótum og ekki njóta samsvarandi styrkja frá stéttarfélagi. Kortin eru afhent á skrifstofu Bæjarráðsins gegn framvísun persónuskilríkja og síðasta launaseðils frá Vinnumálastofnun.

Bæjarráð Kópavogs

Fannborg 4, 1 hæð, 200 Kópavogur

Sími: 570 1500

Heimasíða: www.kopavogur.is

4.1.3 Hafnarfjörður

Bæjarráð Hafnarfjarðar veitir fólki með lögheimili í Hafnarfirði, sem er í atvinnuleit, frían aðgang að sundstöðum bæjarins og Bókasafni Hafnarfjarðar í 6 mánuði í senn. Gert er ráð fyrir að hægt sé að endurnýja kortin að 6 mánuðum liðnum ef viðkomandi er enn án atvinnu.

Kortin eru afhent í Deiglu (Menntasetri við Lækinn, Hafnarfirði). Viðkomandi mætir þangað með persónuskilríki, síðasta launaseðil frá Vinnumálastofnun og mynd.

Deiglan er opin milli 9:00 og 12:00 alla virka daga.

Deiglan

Menntasetrið við Lækinn,
Skólabraut, 220 Hafnarfirði
Sími: 517 7878 / 664 5526

4.1.4 Knattspyrnufélagið Haukar

Á þriðjudögum og fimmtudögum, milli kl.14-16, gefst umbjóðendum Deiglu kostur á að nýta sér líkasræktaraðstöðu Hauka á Ásvöllum sér að kostnaðarlausu undir leiðsögn þjálfara.

Knattspyrnufélagið Haukar

Íþróttamiðstöðinni Ásvöllum, 221 Hafnarfirði
Sími: 525-8700
Heimasíða: <http://haukar.is/>

4.1.5 Seltjarnarnesbær

Þeim íbúum Seltjarnarnes sem misst hafa vinnu mun standa til boða að stunda líkamsrækt í World Class þeim að kostnaðarlausu. Eins er boðið upp á þriggja mánaða ókeypis sundkort í sundlaug Seltjarnarnes.

Þjónustan er háð því að stéttarfélag viðkomandi bjóði ekki upp á sambærileg úrræði. Hægt er að sækja um þessi þjónustukort á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar – www.seltjarnarnes.is.

Seltjarnarnesbær

Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes
Sími: 595 9100
Netfang: postur@seltjarnarnes.is
Heimasíða: www.seltjarnarnes.is

4.1.6 Mosfellsbær

Fólk í atvinnuleit með lögheimili í Mosfellsbæ fær frían aðgang að sundstöðum bæjarins, sundlauginni að Lágafelli og Varmá. Sækja skal um sundkortin í gegn um íbúagátt. Umsókninni verður að fylgja mynd og afrit af staðfestingu Vinnumálastofnunar á því að viðkomandi sé í atvinnuleit. Sundkortin gilda í þrjú mánuði í senn.

Nánari upplýsingar veitir þjónustuver Mosfellsbæjar í síma 525 6700 eða í gegnum netfangið mos@mos.is.

Mosfellsbær

Þverholti 2, 270 Mosfellsbær

Sími 525 6700

Netfang: mos@mos.is

Heimasíða: www.mosfellsbaer.is

4.1.7 Lágafellslaug – ókeypis vatnsleikfimi

Í innilaug Lágafellslaugar er boðið upp á vatnsleikfimi sem er ókeypis fyrir atvinnuleitendur. Tímarnir eru á fimmtudögum kl. 9:45 til 10:30.

Skemmtilegir tímar þar sem lögð er áhersla á styrk, þol, jafnvægi og liðleika.

Sundlaugin Lágafelli

Lækjarhlíð 1a,

270 Mosfellsbær

Sími: 517 6080

4.1.8 Virknisetrið á Hlíðarenda – Valur

Valur opnar mannvirki sín fyrir almenningi. Ókeypis heilsurækt á Hlíðarenda – allir velkomnir. Einkabjálfi er á staðnum að kostnaðarlausu.

Mánu-, þriðju, fimmtu- og föstudaga er opið í líkamsræktarsal frá klukkan 9-11. Ekki eru hlaupabretti á staðnum, en fólki bent á að hita upp í sal á efri hæð eða úti áður en tekist er á við lóð og æfingar.

Á miðvikudögum kl. 9 fer gönguhópur um Öskuhlíð og nágrenni. Eftir hádegi eru íþróttasalir opnir fyrir boltaíþróttir (t.d. fótbolta eða körfubolta). Fyrirlestrar eru í hádeginu á þriðju- og fimmtudögum.

Virknisetrið á Hlíðarenda

Hallur K. Ásgeirsson, verkefnisstjóri Virknisseturs: 848 8842

Sími: 414 8000

Heimasíða: www.valur.is

Stundaskrá: <http://valur.is/Valur/Frettir/Frett/4523/>

Netfang: valur@valur.is

4.1.9 Knattspyrnufélagið Fram

Ókeypis leikfimi/líkamsrækt alla þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 12:00 – 13:00.

Knattspyrnufélagið Fram

Safamýri 26, 108 Reykjavík

Sími: 533 5600

Heimasíða: www.fram.is

Netpóstur: vefstjori@fram.is

4.1.10 Knattspyrnufélagið Víkingur

Ókeypis innanhússfótbolti á miðvikudögum frá kl. 10:00 – 11:00. Að auki geta gestir nýtt sér líkamsræktaraðstöðuna í Víkinni alla virka daga frá kl. 09:00 – 15:00.

Knattspyrnufélagið Víkingur

Traðarlandi , 108 Reykjavík

Sími: 581 3245

Heimasíða: www.vikingur.is

Netfang: vikingur@vikingur.is

4.1.11 Glímufélagið Ármann

Ókeypis frjalsar íþróttir á þriðjudagsmorgnum frá kl. 10-11:30 í umsjá Þóreyjar Eddu Elísdóttur.

Glímufélagið Ármann

Engjavegur 7, 104 Reykjavík

Heimasíða: www.armeningar.is

Netfang: frjalsar@armeningar.is

4.1.12 Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur

Ókeypis badminton alla mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10.30 - 11.30.

TBR

Gnoðarvogur 1, 104 Reykjavík

Sími: 581 2266

Heimasíða: www.tbr.is

Netfang: tbr@tbr.is

4.1.13 Knattspyrnufélagið Þróttur

Ókeypis innanhúsfótbolti í Laugardalshöll á mánudögum og fótbolti á gervigrasinu í Laugardal á föstudögum frá kl. 10:30 – 11:30.

Knattspyrnufélagið Þróttur

Engjavegi 7, 104 Reykjavík

Sími: 580 5900

Heimasíða: www.trottur.is

Netfang: trottur@trottur.is

4.1.14 VR

VR og nokkrar líkamsræktarstöðvar hafa því tekið höndum saman til að koma til móts við þá félaga VR sem standa í þessum erfiðu sporum. Þeim býðst nú mánaðarkort í líkamsrækt á góðu verði í nokkra af helstu líkamsræktarstöðun-um. Félagsmenn VR utan höfuðborgarsvæðisins snúi sér til skrifstofu VR á viðkomandi svæði

Gjaldið greiðist á skrifstofu VR fyrir einn mánuð í senn. Hægt er að nýta inneign í VR varasjóði. Skila þarf inn umsóknareyðublaði sem nálgast má á skrifstofum VR auk

staðfestingar á atvinnuleysi. Hér má sjá hvaða stöðvar taka þátt í þessu átaki, kostnað félagsmannsins og skilmála.

Staður	Mánaðar- kort kr.	Skilmálar
Árbæjarþrek	1.500	Gildir alltaf nema milli 17-19 mánudaga til föstudaga
Baðhúsið	2.000	Gildir til kl 17 alla virka daga. Engar takmarkanir um helgar
Bjarg	3.250	Gildir 10-16 alla virka daga. Engar takmarkanir um helgar
Dansrækt JSB	2.000	Gildir í opna tíma og tækjasal milli 07-16
Heilsuakademían	1.990	Gildir milli kl. 9-16
Hress	1.700	Engar takmarkanir
Hreyfing	2.000	Gildir til kl 16 á daginn
Hreyfing-farþjálfun	2.000	Engar takmarkanir
Lífsstíll	2.000	Gildir milli 07:30-16:00
Nordica Spa	12.900	Engar takmarkanir
Orkubúið-heilsurækt	2.100	Engar takmarkanir
Sporthúsið	1.590	Engar takmarkanir
World Class (allar stöðvar)	2.000	Gildir kl. 08-11 og 13:30-16. Engar takmarkanir sunnudaga
Þrekhúsið	2.000	Engar takmarkanir
Curves, Akranes	2.000	Gildir 8-11 og 14-16
Líkamsrækt - Egilsstaðir	2.000	Engar takmarkanir
Toppsport	2.450	Gildir kl. 10 - 16 virka daga. Engar takmarkanir um helgar
Íþróttahús Fjarðabyggðar	2.000	Engar takmarkanir
Hressó Vestmannaeyjum	2.000	Takmarkanir geta verið á lokuðum tímum og í hádegi
Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar	3.000	Engar tímatakmáranir

4.1.15 Ferðafélagið Útivist

Síðan 1975 hefur Útivist boðið félagsmönnum sínum og öðrum upp á fjölbreyttar ferðir í skemmtilegum félagsskap. Útivist býður upp á dagsferðir, helgarferðir, sumarleyfisferðir og kvöldferðir með Útivistarræktinni. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi allt frá léttum gönguferðum upp í erfiðar fjallaferðir að sumri og vetri fyrir vel þjálfað fólk. Nánari upplýsingar fyrir einstakar ferðir er hægt að fá á skrifstofu Útivistar á Laugavegi 178, í síma 562-1000.

Gönguferðir

[Útivistarræktin, gengið út að Ægisíðu](#)

Fimmtudagar Brottför: kl. 18:00 - Almennt verð: 0 kr.

Á fimmtudögum kl. 18:00 er farið frá bílastæðinu þar sem Skógræktarfélag Reykjavíkur var í Fossvogi og gengið vestur með Öskjuhlíð, um Nauthólsvík og út með Skerjafirði að norðan út undir Ægisíðu. Farið er sömu leið til baka og gönguferðin tekur rúma klukkustund eins og á mánudögum.

Útivistarræktin, Elliðaárdalur

Mánudagar Brottför: kl. 18:00 - Almennt verð: 0 kr.

Á mánudögum er gengið um Elliðaárdalinn. Lagt er af stað kl. 18:00 frá Toppstöðinni (stóra brúna húsinu í Elliðaárdalnum, ekið frá Ártúnsbrekku). Gengið er upp í gegnum hólmann í ánni og vestan megin við hana upp að Vatnsveitubru, þar sem farið er austur yfir ána.

Ferðafélagið Útivist

Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Sími: 5621000

Heimasíða: www.utivist.is

Netpóstur: utivist@utivist.is webmster@utivist.is

4.1.16 Hjólaræktin- Hjólreiðaferðir

Hjólreiðafélag Reykjavíkur er íþróttafélag innan Íþróttabandalags Reykjavíkur. Markmið HFR er að efla hjólreiðar sem íþrótt á Íslandi. Félagið stendur fyrir keppnum bæði á fjalla- og götuhjólum, auk þess sem á vegum félagsins eru stundaðar æfingar reglulega.

Hjólreiðafélag Reykjavíkur er u.þ.b. 70 ára gamalt og hefur verið virkt af og til þann tíma. Félagið hefur staðið fyrir flestum hjólreiðakeppnum sem haldnar hafa verið hér á landi á þessum 70 árum, og krýnir á hverju ári Íslands- og bikarmeistara í bæði fjall- og götuhjólreiðum.

Dags: 8.8. **Brottför:** kl. 10:00

Erfiðleikastig: 🚲 **Almennt verð:** 0 kr.

Hjólað á höfuðborgarsvæðinu, nema annað verði auglýst á heimasíðunni og í Á döfinni. Lýðræðisleg ákvörðun verður tekin um það hvert verður farið. Mæting við Toppstöðina í Elliðaárdalnum. Munið eftir nesti og viðgerðarsetti.

Dags: 12.9. **Brottför:** kl. 10:00

Erfiðleikastig: 🚲 **Almennt verð:** 0 kr.

Hjólað á höfuðborgarsvæðinu, nema annað verði auglýst á heimasíðunni og í Á döfinni. Lýðræðisleg ákvörðun verður tekin um það hvert verður farið. Mæting við Toppstöðina í Elliðaárdalnum. Munið eftir nesti og viðgerðarsetti.

Dags: 10.10. **Brottför:** kl. 10:00

Erfiðleikastig: 🚲 **Almennt verð:** 0 kr.

Hjólað á höfuðborgarsvæðinu, nema annað verði auglýst á heimasíðunni og í Á döfinni. Lýðræðisleg ákvörðun verður tekin um það hvert verður farið. Mæting við Toppstöðina í Elliðaárdalnum. Munið eftir nesti og viðgerðarsetti.

4.2 Félagasamtök

4.2.1 Rauði Kross Íslands

Deildir Rauða krossins víða um land eru með opin hús fyrir almenning þar sem fram fer ýmis konar fræðsla og félagsstarf - oft í samstarfi við sveitarfélagið eða aðra í heimabyggð.

Akranesdeild: Rauði krossinn Skólabraut 25a Akranesi. Opið alla virka daga frá kl. 13-16. Nánari upplýsingar veitir Shyamali í síma 6967424.

Árnesingadeild: Smiðjan Austurvegi 36 Selfossi. Opið þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 10-14. Samstarf við sveitarfélagið. Nánari upplýsingar veitir Árnesingadeild í síma 482 4445.

Grundarfjarðardeild: Húsnæði verkalýðsfélagsins Borgarbraut 2 Grundarfirði. Opið alla virka daga frá kl. 9-11. Samstarf við Sveitarfélagið. Nánari upplýsingar veitir Þórunn í síma 8980840.

Hornafjarðardeild: Rauði krossinn, Hafnarbraut 40. Opið einu sinni í mánuði, annan laugardag, frá kl. 13-15. Nánari upplýsingar veitir Magnhildur Gísladóttir í síma 8657289 og 6596563.

Húsavíkurdeild: Þekkingarsetur Þingeyinga, Hafnarstétt 3. Opið þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 10-12. Samstarf við Stéttarfélagið Framsýn, félagsþjónustuna, Vinnumálastofnun og Þekkingarsetrið. Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Freysson í síma 899 9241.

Hveragerðisdeild: Rauði krossinn, Austurmörk 7. Opið mánudaga og fimmtudaga frá kl. 9-12. Samstarf við sveitarfélagið. Nánari upplýsingar veitir Hveragerðisdeild í síma 483 1895 / 895 1895.

Kjósarsýsludeild: Sjálfboðamiðstöð Þverholti 7. Opið hús þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 10-13. Allir velomnir. Fjölbreytt dagskrá í boði. Upplýsingar um dagskrá á heimasíðu deildarinnar. Nánari upplýsingar í síma 898-6065 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið kjosarsysla@redcross.is.

Reyðarfjarðardeild: Miðstöð atvinnuleitenda Búðareyri 1, Reyðarfirði. Opin alla virka daga frá 9-16. Nánari upplýsingar í síma 471 2838.

Stöðvarfjarðardeild: Rauði krossinn Heimalundur Fjarðarbraut 48 Stöðvarfirði. Opið hús á mánudögum frá kl. 19:30–21:30. Nánari upplýsingar veitir Þóra Björk Nikulásdóttir í síma 8476678.

Sjálfboðastörf hjá Rauða kross Íslands

Fjölbreytt sjálfboðastarf, t.d. heimsóknarvinir, vinanet, skyndihjálparhópar ofl.

Sjá meira á vefsíðunni:

http://redcross.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?name=skra_sjalfbodalida

Rauði kross Íslands

Efstaleiti 9, 103 Reykjavík

Sími: 570 4000

Heimasíða: www.redcross.is

Netfang: central@redcross.is

4.2.2 SÍBS/ Styðjum sjúka til sjálfsbjargar

SÍBS leggur áherslu á gott samstarf og stuðning við aðildarfélög sín í þeirri viðleitni að bæta hag hins almenna félagsmanns. Félagsráðgjafi SÍBS veitir ráðgjöf í persónulegum málum auk upplýsinga um réttindamál fyrir félagsmenn.

Á mánudögum í vetur, milli kl. 16 og 18 í verða opin hús fyrir félagsmenn.

U.þ.b. einu sinni í mánuði, yfir vetrartímann eru fræðsluerindi haldinn í Síðumúla fyrir félagsmenn.

Aðildarfélög og stofnanir SÍBS eru eftirtaldar

- Happadrætti SÍBS
- Reykjalundur
- Múlalundur

- Múlabær
- Hlíðabær
- Astma – og ofnæmisfélagið
- Berklavörn
- Hjartaheill
- Neistinn
- Samtök lungnasjúklinga
- Vífill

SÍBS Síðumúla 6

108 Reykjavík

Sími: 552 2150

Netfang: sibs@sibs.is

Heimasíða: www.sibs.is

4.2.3 Atvinnuleysi – Nei takk

Grasrótarsamtök sem stofnuð voru til að sporna við atvinnuleysi og halda úti síðu á Fésbók. Á síðunni má finna margar gagnlegar upplýsingar um það sem atvinnuleytendum stendur til boða. Að auki hittast meðlimir samtakanna reglulega til að bera saman bækur sínar.

<http://www.facebook.com/group.php?gid=37775717963>

4.2.4 FAAS-Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúkra og annarra skyldra sjúkdóma

Markmið félagsins er. að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna, efla samvinnu og samheldni aðstandenda m.a. með fræðslufundum og útgáfustarfsemi og auka skilning stjórnvalda, heilbrigðisstétta og almennings á þeim vandamálum sem þessir einstaklingar og aðstandendur þeirra eiga við að etja. Mikilvægt er að umönnun heilabílaðra byggji á skilningi umhverfisins á aðstæðum einstaklingsins, þekkingu á sjúkdómunum og einkennum hans, auk persónulegrar færni umönnunaraðila.

Auk þess að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna skiptist starfsemi félagsins í stórum dráttum í að halda reglulega fræðslufundi sem eru öllum opnir og ráðgjöf til fjölskyldna og umönnunaraðila heilabílaðra

Félagið veitir ráðgjöf til fjölskylda um sjúkdómanna, einkenni og viðbrögð sem upp geta komið og hvernig takast má að viðhalda góðum og gefandi samskiptum þrátt fyrir erfiðan sjúkdóm. Stofnanir sem sinna umönnun heilabílaðra eiga einnig kost á fræðslu og ráðgjöf fyrir starfsfólk sitt.

Möguleiki er á að veita félagsmönnum HEIMASTUÐNING, þ.e. aðili, sem félagið mælir með og er með reynslu og þekkingu á minnissjúkdómum, er tilbúin að sinna og vera hjá viðkomandi einstaklingi um lengri eða skemmri tíma, allt eftir þörfum hverju sinni.

FAAS

Hátúni 10b, 108 Reykjavík, Sími: 533 1088

Heimasíða: www.alzheimer.is

Netfang: faas@alzheimer.is

4.2.5 Tourettesamtökin

Tourettesamtökin eru fyrst og fremst ætluð fólki með Tourette og foreldrum barna með Tourette. Upphaflega var félagið foreldrafélag og er það í raun ennþá. Ekki er boðið upp á afþreyingu eða beina þjónustu hjá samtökunum, heldur fyrst og fremst fræðslu og námskeið. Opin hús og fræðslufundir eru haldnir annað slagið. Samtökin hafa gefið út 5 bækur sem hægt er að panta með því að senda tölvupóst á netfangið tourette@tourette.is.

Nánari upplýsingar um námskeið má finna á heimasíðu samtakanna, www.tourette.is.

Tourettsamtökin

Hátúni 10b, 108 Reykjavík

Sími: 840 2210

Heimasíða: www.tourette.is

Netfang: tourette@tourette.is

4.2.6 Parkinsonsamtökin

Samtökin hafa það að markmiði að aðstoða sjúklinga og aðstandendur við að leysa úr þeim vanda og erfiðleikum sem sjúkdómnum fylgja, dreifa upplýsingum, veita fræðslu og styðja við rannsóknir vegna parkinsonsveiki.

Ýmislegt er í boði fyrir félagsmenn eins og:

- gönguferðir einu sinni í viku
- jafningjastuðningsfundir hálfsmánaðarlega
- mánaðarleg opin hús með fræðsluerindum og kaffisþjalli
- ráðgjafi í hálfu starfi sem leiðbeinir fólki um vöndurhús kerfisins
- skrifstofa sem er opin 4 daga í viku þar sem má fá ýmislegt fræðsluefni og aðstoð

Skrifstofan er opin mánudaga – fimmtudaga kl. 12:00-15:00.

Umsjónarmaður jafningjastuðnings og ráðgjafi er með símatíma þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 13:00-16:00 í síma 862-5201 (Hrönn).

PSÍ-Parkinsonssamtökin á Íslandi

Hátúni 10b, 9.hæð, 105 Reykjavík

Sími: 552 4440 – skrifstofa, 852-5201 - ráðgjafi

Netfang: parkinson@parkinson.is

Heimasíða: www.parkinson.is

4.2.7 MND félagið

MND félagið er félag fólks með hreyfitaugahrönnun. Það veitir ýmsa ráðgjöf og aðstoð fyrir félagsmenn. Félagsfundir eru haldnir einu sinni í mánuði.

Styrkir eru veittir til rannsókna tengdu MND. Allt fagfólk er hvatt til að sækja um stuðning við hvers konar rannsóknarverkefni því tengdu í netfangi gudjon@mnd.is.

MND félagið

Pósthólf 94, 222 Hafnarfirði

Sími: 823 7270 / 565 5727

Heimasíða: www.mnd.is

Netfang: mailto:mnd@mnd.is

4.2.8 Hugarfar

Félagið var stofnað 21. febrúar 2007 af sjúklingum, aðstandendum og fagaðilum frá "fagraði um heilaskaða" á Reykjalundi. Markmið þess er að standa við réttindi heilaskaðaðra og aðstandenda þeirra og veita ráðgjöf og upplýsingar vegna heilaskaða.

Hugarfar

Sími: 661 5522

Heimasíða: www.hugarfar.is

Netfang: hugarfar@hugarfar.is

4.2.9 Gigtarfélag Íslands

Starfrækir eru 10 áhugahópar þar sem veittur er ókeypis stuðningur við þátttakendur. Þar á sér stað jafningjafræðsla um flesta hluti er snúa að gigt og daglegu líf. Ókeypis fræðslufundir eru haldnir 6-10 sinnum á ári og eru þeir öllum opnir.

Fræðslu um gigtarsjúkdóma og daglegt líf er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins www.gigt.is án greiðslu og vex henni stöðugt fiskur um hrygg. Einstaklingum er boðið í viðtöl þar sem veittar eru leiðbeiningar um hvar aðstoð er að finna inna heilbrigðis- og félagslega kerfisins.

Birtufólkið er áhugahópur sem hefur komið saman einu sinni í mánuði að degi til (kl. 14) frá því í haust og er markhópurinn fólk sem vantar viðfang og félagsskap á þeim tíma. Snjóboltin fer stækkandi.

Símaráðgjöf félagsins, Gigtarlínan, er öllum opin tvisvar í viku milli 14 og 16. Ráðgjöf um meðferð, félagsleg réttindi, mataræði ofl. tengt gigtarsjúkdómum. (Ath: strjálari tímar yfir sumarmánuðina)

Gigtarfélag Íslands

Ármúla 5, 108 Reykjavík

Sími: 530 3600

Heimasíða: www.gigt.is

Netfang: <mailto:gigt@gigt.is>

4.2.10 Félag heyrnarlausra

Félag heyrnarlausra hefur félagsmálafulltrúa í 30% stöðugildi til að sinna félags og afþreyingarmálum fyrir atvinnulausa félagsmenn. Boðið er upp á heimsóknir í fyrirtæki, hreyfingu s.s. göngutúra og sund, kaffihúsaferðir o.þ.h. Dagskrána má finna á heimasíðu félagsins.

Þá er fulltrúi starfandi í félaginu sem sinnir atvinnumálum heyrnarlausra og reynir að finna atvinnu við hæfi. Einnig starfar þar hjúkrunarfræðingur sem sinnir forvarnar og kynningarverkefni ásamt eftirfylgni með almennu heilsufari heyrnarlausra en eins og skiljanlegt er á heyrnarlaus einstaklingur erfitt með samskipti út á við varðandi sín málefni.

Félag heyrnarlausra

Suðurlandsbraut 24, 2 hæð – 108 Reykjavík

Sími: 561 3560

Heimasíða: www.deaf.is

Netfang: deaf@deaf.is

4.2.11 ADHD samtökin

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

Helstu starfspættir ADHD samtakanna eru m.a.:

Upplýsinga- og fræðsluþjónusta:Skrifstofa samtakanna er opin alla virka daga kl. 13 – 16. Upplýsingar og ráðgjöf er veitt í gegnum síma 581-1110 á sama tíma. Á skrifstofunni er bókasafn, greinar og gögn um málefnið. Á heimasíðu samtakanna www.adhd.is er aðgengilegt efni um flest það sem tengist málefninu og linkar á aðrar gagnlegar vefsíður.

Fræðsla, námskeið, hópvinna: fræðslufundir ADHD samtakanna eru jafnan vel sóttir. Á hverju ári eru haldnir fjórir til fimm fræðslufundir þar sem margir af helstu sérfræðingum hérlendis hafa haldið fræðsluerindi um ADHD hjá börnum, unglingum og fullorðnum. ADHD samtökin hafa í samstarfi við Eirð fræðslu- og ráðgjafarþjónustu um geðheilsu barna og unglunga skipulagt fræðslunámskeið fyrir foreldra barna með ADHD undanfarin ár.

Ráðgjafarmiðstöðin Sjónarhóll: vegna aðildar samtakanna að stofnun og rekstri Sjónarhóls hafa félagsmenn nú aðgang að sérhæfðri fjölskylduráðgjöf sem miðar að því að greiða götu fjölskyldanna í flóknu umhverfi hinna ýmsu stofnana og þjónustuaðila. En eitt af markmiðum Sjónarhóls er að koma á samstarfi allra þeirra aðila sem geta tengst máli einnar fjölskyldu, sem sagt samþætting þjónustunnar og eftirfylgd.

Skrifstofan er opin alla virka daga kl. 13-16.

ADHD samtökin

Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík

Sími: 581-1110

Heimasíða: www.adhd.is

4.2.12 Umsjónafélag einhverfra

Umsjónarfélag einhverfra heldur ca 5-6 ókeypis fræðslufundi á ári og eru þeir öllum opinir Foreldrahópar hittast einu sinni í mánuði til að ræða sín mál. Tveir slíkir hópar eru í Reykjavík, einn á Reykjanesi, einn á Selfoss, einn í Vestmannaeyjum, einn á Akureyri og einn á Egilsstöðum. Það kostar ekkert að taka þátt í því starfi. Umsjónarfélagið heldur eitt námskeið á ári fyrir foreldra barna með einhverfurófsraskanir. Það er foreldrum að kostnaðarlausu.

Starfandi er hópur fullorðinna einstaklinga með röskun á einhverfurófi, 18 ára og eldri. Þetta er stuðningshópur sem er studdur af þremur fagaðilum. Kallar hópurinn sig „Út úr skelinni“ Þessi hópur hittist hálfsmánaðarlega. Það kostar ekkert að taka þátt.

Starfandi er frístundahópur fyrir unglinga 13-18 ára. Þessi hópur hittist hálfsmánaðarlega undir handleiðslu fagaðila. Unglingarnir þurfa eingöngu að greiða fyrir sérstakar ferðir, svo sem í bíó eða keilu eða annað slíkt.

Á skrifstofu félagsins eru til bækur og myndbönd sem foreldrar og fagfólk geta fengið lánað.

Umsjónafélag einhverfra

Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík

Sími: 562 1590

Heimasíða: www.einhverfa.is

4.2.13 Geðhjálp

Geðhjálp býður upp á ráðgjöf, stuðning og eftirfylgni við þau mál sem félaginu berast. Félags- og sálfræðimenntaður starfsmaður sinnir verkefninu í fullu starfi.

- Félagsráðgjöf er veitt í samstarfi við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar á ½ mánaðar fresti.
- Lögfræðileg ráðgjöf er veitt í samstarfi við Borgarlögmennt, sem liðsinna skjólstæðingum Geðhjálpar á ½ mánaðar fresti.

Aðilar geta pantað tíma símleiðis og eða með tölvupósti varðandi ofangreinda þætti.

- Mötuneyti er opið alla daga ársins og boðið upp á staðgóðan hádegisverð gegn vægu gjaldi.
- Félagsmiðstöð Geðhjálpar er opin virka daga. Þar er fjölþætt dagskrá í boði til afþreyingar og endurhæfingar til samfélagslegrar virkni og hlutverks. Markþjálfari í ½ stöðu hefur yfirumsjón með félagsmiðstöðinni.
- Sjálfbóðaliðaverkefni. Í samstarfi við Alþjóða hús og Rauða kross Íslands er haldið úti verkefninu sjálfbodalidi.is þar sem leitað er eftir einstaklingum til sjálfbóðaliðastarfa í ýmiskonar verkefna á vegum félaganna.

Skrifstofa Geðhjálpar

Túngötu 7, 101 Reykjavík

Sími: 570 1700

Heimasíða: www.gedhjalp.is

Netfang: gedhjalp@gedhjalp.is

4.2.14 Öryrkjabandalag Íslands

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) eru heildarsamtök fatlaðra og eru aðildarfélög þess 32 talsins. Hlutverk bandalagsins er m.a. að koma fram fyrir hönd fatlaðra gagnvart opinberum aðilum í hverskyns hagsmunamálum er snerta réttindi þeirra. Einnig sinnir bandalagið m.a. upplýsinga- og ráðgjöf fyrir fatlaða og aðstandendur. Þá tekur ÖBÍ þátt í erlendu samstarfi við félaga- og heildarsamtök fatlaðra.

Skrifstofan er opin frá kl. 9-15 yfir vetrartímann en á sumrin lokar skrifstofan á föstudögum kl. 13. Þá er skrifstofan lokuð að jafnaði í tvær vikur í júlí.

Skrifstofa ÖBÍ

Hátúni 10, 105 Reykjavík.

Sími: 530-6700.

Heimasíða: www.obi.is.

Netfang: obi@obi.is

Aðildarfélög ÖBÍ.

Aðildarfélög bandalagsins eru 32 talsins og bjóða upp á margvíslega þjónustu fyrir bæði öryrkja, sjúklinga, aðstandendur o.fl. aðila. Listi yfir aðildarfélög bandalagsins og heimasíður þeirra er að finna á heimasíðu ÖBÍ á eftirfarandi slóð:

www.obi.is/um-obi/adildarfelog

Ráðgjafarþjónusta ÖBÍ.

Skrifstofa ÖBÍ hefur á að skipa ráðgjöfum sem sinna almennri ráðgjöf og upplýsingagjöf til öryrkja, fatlaða og aðstandenda um réttindi þeirra og skyldur, og aðstoða í samskiptum þeirra við ýmsar stofnanir er varða réttindi- og hagsmunamál þeirra. Hægt er að hringja í símatíma ráðgjafanna eða panta viðtal á skrifstofu ÖBÍ í síma 530-6700. Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni: www.obi.is

Lögfræðiráðgjöf ÖBÍ.

Markmið lögfræðiráðgjafar ÖBÍ er að auðvelda öryrkjum, fötluðum og aðstandendum að leita réttar síns. Um er að ræða lögfræðiráðgjöf þar sem lögmaður tekur ekki að sér einstök mál nema með samþykki ÖBÍ og er þá haft í huga að málið hafi fordæmisgildi fyrir aðra öryrkja og fatlaða. Þanta þarf viðtal hjá lögfræðingi á skrifstofu ÖBÍ. Viðtalstímar eru aðra hverja viku og oftast ef þess gerist þörf.

Þjónusta ráðgjafa- og lögfræðiþjónustu ÖBÍ er fólki að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar: www.obi.is/um-obi/logfraedithjonusta

Brynja – Hússjóður ÖBÍ.

Brynja - Hússjóður Öryrkjabandalagsins leigir út íbúðir fyrir öryrkja. Íbúðirnar eru um 660 talsins víðs vegar um landið. Þeir sem geta sótt um íbúð hjá Brynju eru öryrkjar sem eru með 75% örorkumat. Við úthlutun íbúða er tekið mið af tekjum, eignum og félagslegum aðstæðum viðkomandi. Sækja þarf um íbúð á sérstökum eyðublöðum og staðfesta örorku með læknisvottorði. Hægt er að panta viðtal hjá húsnæðisfulltrúa ÖBÍ í síma 570-7800 til að fá nánari upplýsingar.

Brynja

Hátúni 10, 105 Reykjavík.

Sími: 570-7800.

Nánari upplýsingar: www.obi.is/um-obi/brynjahus

Djáknaþjónusta.

Djækni - Guðrún Kr. Þórsdóttir er við á Djáknastofu, Hátúni 10, 1. hæð, alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 10.00 til 16.00. Veitt er sálsgæsla ýmiskonar stuðningur og ráðgjöf með einkaviðtölum og heimsóknum. Hún svarar einnig í GSM. 699-5905 og fyrirspurnir má senda á tölvupóstfang: gudrunkth (hjá) simnet.is. Djáknaþjónustan er samstarfsverkefni Laugarneskirkju, ÖBÍ.

Starfsemin: Samvera í Djáknastofu 1. hæð, Hátúni 10. Alla þriðjudaga kl. 14.30 kínversk leikfimi og spjall. Alla fimmtudaga kl. 15.00 samtal, íhugun, kyrrð og bæn.

Opið hús og næring, er á þriðjudögum milli kl. 11.00 og 14.00 í félagsheimili Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu, Hátúni 12, austurenda. Boðið er upp á súpu og meðlæti á vægu verði.

Guðsþjónustur eru í félagsheimili Sjálfsbjargar annan hvern sunnudag kl. 13.00 og auglýstar sérstaklega.

Nánari upplýsingar: www.obi.is/um-obi/djagnathjonusta

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing.

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing er fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eða í nám eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla.

Opnunartíminn er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8.30-12.00 og 13.30- 15.30 og á föstudögum frá kl. 8.30-12.00.

Hringsjá

Hátún 10d, 105 Reykjavík.

Símar: 510-9380 / 562-2840 / 552-9380.

Fax:562-2843.

Heimasíða: www.hringsja.is

Netfang: rlinda@hringsja.is.

Vinnustaðir ÖBÍ.

Vinnustaðir ÖBÍ eru til húsa í Hátúni 10, s. 552-6800, er fyrirtæki í eigu ÖBÍ og rekið á ábyrgð þess. Starfsemi fyrirtækisins er innflutnings-, iðnaðar- og þjónustustarfsemi. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði 36 fatlaðir starfsmenn í 18 stöðugildum og 8 ófatlaðir í 7,5 stöðugildum. Markmið með rekstrinum er að veita fötluðum einstaklingum tímabundna vinnu í formi verkþjálfunar og/eða vinnu til frambúðar.

Starfsemi Vinnustaða ÖBÍ er þrjúþætt:

Örtækni framleiðir og selur fjölmargar gerðir af tengiköplum fyrir tölvur og tæki tengd þeim. Sér um innflutning og sölu á skyldum búnaði. Samsetningu og lóðningu á prentplötum og vinnslu á ýmsum tilfallandi verkefnum fyrir fyrirtæki í rafmagns- og rafeindaiðnaði. Örtækni hefur einnig sérhæft sig í þjónustu með tölvu- og hugbúnað fyrir blinda.

Saumastofa sem framleiðir og selur léttan vinnufatnað; jakka, sloppa, svuntur og buxur fyrir fólk í framreiðslu-, umönnunar- og þjónustustörfum. Helstu viðskiptavinir eru dvalarheimili, heilsustofnanir, hótél, gistiheimili, tannlæknar, veitingastaðir og sjúkrastofnanir. Framleiðsla og sala á fermingar- og kórkyrtlum. Innflutningur og sala á efnum í léttan vinnufatnað.

Ræstingadeild sem annast daglegar ræstingar, m.a. á sameign í háhýsum og tengibyggingu í Hátúni 10, húsnæði Vinnustaða ÖBÍ og húsnæði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í Skógarhlíð 14, í Hafnarfirði og á Reykjavíkurlflugvelli.

Nánari upplýsingar: www.obi.is/um-obi/vinnustadir-obi

Námssjóður Sigríðar Jónsdóttur.

Styrkir úr námssjóði Sigríðar Jónsdóttur eru veittir til öryrkja til hagnýts náms, verklegs eða bóklegs, svo og til náms í hvers konar listgreinum. Einnig er heimilt að styrkja þá sem vilja sérhæfa sig til starfa í þágu þroskaheftra.

Fyrirspurnir má senda til Guðríðar Ólafsdóttur, í tölvupósti guðridur@obi.is eða hafa samband í síma 530-6700.

Nánari upplýsingar: www.obi.is/um-obi/styrkir/namssjodursi

Sjóður Odds Ólafssonar.

Árið 1991 stofnuðu ÖBÍ, SÍBS og BRYNJA - Hússjóður ÖBÍ sjóð til minningar um Odd Ólafsson, frumkvöðli að bættum hag fatlaðra.

Sjóðnum er ætlað að styrkja:

1. Rannsóknir á fötlun og fræðslu um hana.
2. Forvarnir í þágu fatlaðra og endurhæfingu þeirra.
3. Rannsóknarverkefni á sviði öndunarfærasjúkdóma og fræðslu um þá.
4. Forvarnir og endurhæfingu vegna öndunarfærasjúkdóma.
5. Fatlaða til framhaldsnáms og rannsóknarstarfa.

[Nánari upplýsingar: www.obi.is/um-obi/styrkir/namssjodursj](http://www.obi.is/um-obi/styrkir/namssjodursj)

Öryrkjabandalag Íslands

Hátún 10, 105 Reyjavík

Sími: 552-6800

Heimasíða: www.obi.is

Netfang: obi@obi.is

4.2.15 Félag eldri borgara

Félag eldri borgara er félagsskapur fólks 60 ára og eldra. Starfsemi félagsins er fjölbreytt og margt í boði, t.d. skák, bridds, danskennsla auk ýmissa námskeiða.

Fjöldi verslana býður félagsmönnum afslátt.

Félag eldri borgara

Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Sími: 588 2111

Heimasíða: www.feb.is

Netfang: feb@feb.is

4.2.16 Krabbameinsfélag Austfjarða

Helgina 28-30. ágúst 2009 býður Krabbameinsfélag Austfjarða krabbameinssjúkum og mökum þeirra (eða nánum aðstandanda) helgardvöl í Kirkjumistöð Austurlands á Eiðum.

Verð 2.500 kr á mann og er allt innifalið nema ferðir á staðinn.

Boðið er upp á fræðslu, gönguferðir, kvöldvökur, helgistund og fleira.

Skráning og nánari upplýsingar gefa Álfheiður s: 898-1530, Anna Heiða s: 869-0810 og Gunnjóna Una hjá Ráðgjafabjónustunni í s: 540-1912 eða á netfangið: kraus@simnet.is.

Æskilegt er að skrá sig fyrir 18. ágúst 2009.

4.2.17 Rauði Kross Íslands

Fjölbreytt sjálfbóðastarf, t.d. heimsóknarvinir, vinanet, skyndihjálparhópar ofl.

Sjá meira á vefsíðunni:

http://redcross.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?name=skra_sjalfbodalista

Rauði kross Íslands

Efstaleiti 9, 103 Reykjavík

Sími: 570 4000

Heimasíða: www.redcross.is

Netfang: central@redcross.is

4.3 Tímstundir

4.3.1 Viðburðir á vegum Höfuðborgarstofu

Yfirlit yfir ókeypis þjónustu/aðgang/viðburði hjá menningarstofnunum Reykjavíkurborgar og Höfuðborgarstofu

Margt er í boði í tengslum við menningardagskrá "Humor og amor": Sjá: http://www.rvk.is/Portaldata/16/Resources/a_dofinni/skjol/H_Adagskra.pdf

Höfuðborgarstofa skipuleggur árlega viðburði sem eiga það sameiginlegt að vera ókeypis fyrir þátttakendur:

Ágúst: Menningarnótt - fjölsóttasta hátíð landsins býður gestum upp á mörg hundruð viðburði í tónlist, leiklist, dansi, myndlist, bókmenntum og blöndu af öllu þessu, ókeypis er inn á öll dagskráratriði hátíðarinnar.

Heimasíða: http://www.visitreykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-21/38_read-144/

Höfuðborgarstofa

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar

Ingólfsnaust, Vesturgata 1, 101 Reykjavík

Sími: 590 1500

Heimasíða: <http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-500/>

Netfang: menning@reykjavik.is

Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður, netfang: sif@visitreykjavik.is

4.3.2 Sundkort í Hafnarfirði

Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur ákveðið að veita fólki með lögheimili í Hafnarfirði, sem er í atvinnuleit, frían aðgang að sundstöðum bæjarins og Bókasafni Hafnarfjarðar í 6 mánuði í senn. Gert er ráð fyrir að hægt sé að endurnýja kortin að 6 mánuðum liðnum ef viðkomandi er enn án atvinnu.

Kortin eru afhent í Deigluinni (Menntasetri við Lækinn, Hafnarfirði). Viðkomandi mætir þangað með persónuskilríki, síðasta launaseðil frá Vinnumálastofnun og mynd. Starfsmaður Deigluinnar sér um að útbúa kortið.

Deiglan er opin milli 9:00 og 12:00 alla virka daga.

Deiglan

Menntasetrið við Lækinn, Skólabraut, 220 Hafnarfirði

Sími: 517 7878 / 664 5526

4.3.3 Líkamsrækt og Bókasafnskort í Kópavogi

Bæjarráð Kópavogs greiðir fyrir sex mánaða bókasafnskort og sömuleiðis þriggja mánaða kort til að stunda líkamsrækt, hvort heldur er í sundlaugum bæjarins eða líkamsræktarstöðvum, fyrir Kópavogsbúa sem eru á atvinnuleysisbótum og ekki njóta samsvarandi styrkja frá stéttarfélagi.

Bæjarráð Kópavogs

Fannborg 4, 1 hæð, 200 Kópavogur

Koma á staðinn með persónuskilríki og síðasta launaseðil frá Vinnumálastofnun.

Sími: 570 1500

Heimasíða: www.kopavogur.is

4.3.4 Menningarveisla Sólheima 2009

Formleg opnun Menningarveislunnar er laugardaginn 6. júní kl. 13:00 og stendur veislan óslitið til 8. ágúst. Verið velkomin - Ókeypis aðgangur

Ingustofa. Samhljómur – Málverkasýning 43ja íbúa á Sólheimum.

Íþróttaleikhús. Engir nýgræðingar – Sýning á handverki og listmunum eldri og reyndari íbúa Sólheima.

Sesseljuhús.

- Lifandi leir - Sýning á leirskúlpúrum frá leirgerð Sólheima.
- Orkuagarður Sólheima – Hrein orka – betri heimur, sýning um endurnýjanlega orkugjafa.
- Ókeypis er allt það sem er best - Spörum fyrir okkur og umhverfið.
- Sólheimar í tímans rás - Ljósmyndir úr starfi Sólheima frá stofnun til dagsins í dag.
- Heimili friðarins, Ikhaya Loxolo í Suður-Afríku, - Ljósmyndasýning úr starfi systurþorps Sólheima.

Opnunartímar: - Sýningar í Ingustofu, Íþróttaleikhúsinu og Sesseljuhúsi

eru opnar virka daga kl. 09:00 til 18:00. Um helgar kl. 12:00 til 18:00

Útisýningar og náttúruskoðun - Ljóðagarður, trjásafn, Höggmyndagarður og Sesseljuhús

- **8. ágúst kl. 12:30** leiðsögn um trjásafnið í fylgd Særáunar Stefánsdóttur garðyrkjufræðings
- **8. ágúst kl. 16:00** leiðsögn um Höggmyndagarðinn í fylgd Hrafnhildar Schram listfræðings

Tónleikar - Alla laugardaga Menningarveislunnar kl. 14:00 í Sólheimakirkju

8. ágúst Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvalds

Guðsþjónusta í Sólheimakirkju 9. ágúst kl. 14:00

Kaffihúsið Græna Kannan er opið virka daga kl. 13-18. Um helgar kl. 12-18

Lífræni dagurinn 8. ágúst

Verzlunin Vala - Listhús er opin virka daga kl. 13-18. Um helgar kl. 12-18.

Lífrænn markaðsdagur laugardaginn 8. ágúst

Kynning og sala á lífrænt ræktuðum afurðum hefst kl. 13:00

Beggi og Pacas reiða fram gómsæta rétti í Grænu Könnunni

Sólheimar Sjálfbært samfélag

Sólheimum, 801 Selfoss

Sími: 480 4400

Vefsíða: www.solheimar.is

Netfang: solheimar@solheimar.is

4.3.5 Salsa Iceland

Boðið er upp á ókeypis prufutíma fyrir byrjendur í salsa. Salsakvöldin eru haldin á:

- Óliver - síðasta fimmtudaginn í hverjum mánuði, kl. 20:30. Tilboð er á veitingum og dansgólfið opið til kl. 01:00.
- Sólon – 1. og 3. mánudag í mánuði kl. 20:00. Eftir það er dansgólfið laust til 23:30 fyrir alla sem vilja æfa sig.

Salsa Iceland

Heimasíða: www.salsaiceland.com

Netfang: salsaiceland@salsaiceland.com

4.3.6 Viðey

Þegar til Viðeyjar er komið (að greiddum ferjutolli) er öll aðstaða þar öllum heimil og án endurgjalds. Viðeyjarnaust stendur gestum opið meðan áætlun gengur og við Naustið er ljómandi grillaðstaða. Hvort tveggja ókeypis. Í Viðey er ókeypis tjaldstæði með rennandi vatni og salernisaðstöðu.

Í Skólahúsinu gamla er sögusýning um þorpið í Viðey (Milljónafélagið) og er hún öllum opin og ókeypis aðgangur. Á sumrin eru ókeypis leiðsagnir af ýmsu tagi á þriðjudagskvöldum. Gestum er gefinn drykkur (Kristall). Sunnudagspistlar, sem eru nokkrir yfir sumartímann eru sömuleiðis gjaldfrjálzir.

Viðey

Sími: 533 5055

Vefsíður: www.videyjarstofa.is / www.videy.com

<http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3026/>

Netfang: videy@reykjavik.is

4.3.7 Gerðuberg

Í Gerðubergi er ókeypis á alla viðburði nema þá sem eru í samstarfi við aðra aðila s.b. Klassík í hádeginu og leiksýningar hjá Möguleikhúsinu. Einnig er rúkað inn á stærri tónlistarviðburði.

Það sem er fast og er alltaf frítt eru þingin s.s. Sjónþing og ritþing og Dagur hljóðfærisins.

Gerðuberg

Gerðuberg 3-5, 111 Reykjavík

Sími: 575 7700

Heimasíða: <http://www.gerduberg.is/>

4.3.8 Listasafn Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur er starfrækt á þremur stöðum í borginni; Í Hafnarhúsi við Tryggvagötu, Ásmundarsafni við Sigtún og á Kjarvalsstöðum.

Aðgangur er ókeypis í öll safnhúsin en þau eru jafnframt opin alla daga vikunnar og Hafnarhúsið með kvöldopnun á fimmtudagskvöldum til kl. 22

Í Listasafni Reykjavíkur fer fram viðamikil dagskrá sem tengist sýningum og er ætluð fólki á öllum aldri, jafnt leikum sem lærðum og er hún alltaf gjaldfrjál og öllum opin.

Heimasíða: <http://www listasafnreykjavikur.is/desktopdefault.aspx>

Netfang: listasafn@reykjavik.is

Hafnarhúsið

Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Sími: 590 1200

Kjarvalsstaðir

v/Flókagötu1, 105 Reykjavík

Sími: 517 1290

Ásmundarsafn

v/Sigtún, 105 Reykjavík

Sími: 553 2155

Netfang: fraedsludeild@reykjavik.is

4.3.9 Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Gjaldfrjáls aðgangur er á sýningar Ljósmyndasafns Reykjavíkur, sem eru opnar fram á kvöld virka daga og einnig um helgar.

Á Ljósmyndasafninu er gott safn ljósmyndabóka og - tímarita, auk þess ókeypis aðgangur að þráðlausu Interneti.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Grófarhús, Tryggvagötu 15, 6. hæð, 101 Reykjavík

Sími: 411 6390

Heimasíða: www.ljosmyndasafnreykjavikur.is

Netfang: photomuseum@reykjavik.is

4.3.10 Borgarbókasafn

Aðgangur að 7 söfnum Borgarbókasafns sem einnig rekur bókabíl með 40 viðkomustöðum er ókeypis. Aðgangur að þráðlausu Interneti og öllum viðburðum Borgarbókasafns er ókeypis. Í söfnunum er afar fjölbreyttur safnkostur við allra hæfi. Söfnin eru opin fram á kvöld virka daga og einnig um helgar. Útlánsskírteini eru ókeypis fyrir yngri en 18 ára, eldri en 67 ára og öryrkja en kostar 1300 á ári fyrir aðra.

Borgarbókasafn - Aðalsafn: Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

Sími: 411 6100

Heimasíða: <http://www.borgarbokasafn.is/desktopdefault.aspx>

Netfang: borgarbokasafn@borgarbokasafn.is

4.3.11 Þjóðminjasafnið

Aðgangur ókeypis alla miðvikudaga.

Þjóðminjasafnið

Suðurgötu 41, 101 Reykjavík

Sími: 530-2200

Heimasíða: <http://www.natmus.is/>

Netfang: thjodminjasafn@thjodminjasafn.is

4.3.12 Regnboginn

Sama verð - 750 kr. á allar sýningar.

Regnboginn

Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík

Sími: 551 9000

Netfang: regnboginn@sena.is

4.3.13 Borgarleikhúsið

Borgarleikhúsið býður leikhúsmiða með 700 kr. afslátt fyrir atvinnuleitendur. Ekki þarf að sýna gögn til að staðfesta atvinnuleit.

Borgarleikhúsið

Listabraut 3, 103 Reykjavík

Sími: 568 8000

Heimasíða: <http://www.borgarleikhus.is/>

Netfang: midasala@borgarleikhus.is

4.3.14 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Boðsmiðar fyrir fólk í atvinnuleit

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður atvinnuleitendum á tónleika sveitarinnar. Hljómsveitin vill leggja sitt af mörkum og gera sem flestum kleift að koma og hlusta á tónleika hennar. Við munum taka frá 30 til 100 miða á hverja tónleika starfsársins fyrir þetta verkefni. Við bjóðum

einn miða á alla almenna tónleika en tvo miða á Tónsprotann sem eru fjölskyldutónleikar okkar. Upplýsingar um dagskrána er að finna á www.sinfonia.is.

Við biðjum áhugasama vinsamlega að senda póst á sinfonia@sinfonia.is, hafa samband í síma 545-2500 eða koma við í miðasölnunni í Háskólabíói Það sem er fast og er alltaf frítt eru þingin s.s. Sjónþing og ritþing og Dagur hljóðfærisins.

Þegar miðar eru sóttir þarf að sýna seðil frá Vinnumálastofnun.

Háskólabíói v/Hagatorg, 107 Reykjavík

Sími: 545 2500

Heimasíða: <http://www.sinfonia.is/>

Netfang: sinfonia@sinfonia.is

4.3.15 Þjóðleikhúsið

Þjóðleikhúsið hefur um árabil veitt atvinnulausum afslátt á sýningar en hafa nú ákveðið að bjóða upp á sérstök fríkort fyrir atvinnulausa. Samstöðukort Þjóðleikhússins er afhent í miðasölu leikhússins, gegn vottorði um skráningu á atvinnuleysisrá (eða launaseðli frá vinnumálastofnun) og gildir sem fríkort út leikárið. Handhafi kortsins á rétt á einum frímiða á hverja sýningu Þjóðleikhússins leikárið 2008/2009. Handhafi þarf aðeins að sýna kortið - ásamt persónuskírteini, í miðasölnunni þegar viðkomandi vill koma á sýningu. Nánari upplýsingar um Samstöðukortið veitir Jóna Björk Gunnarsdóttir miðasölustjóri, jona@leikhusid.is.

Þjóðleikhúsið

Hverfisgata 19, 101 Reykjavík

Miðasölusími 551 1200 / Skiptiborð 585 1200

Heimasíða: <http://www.leikhusid.is/>

Netfang: jona@leikhusid.is

4.3.16 Bókasafn Seltjarnarness

Seltirningar í atvinnuleit geta fengið þriggja mánaða bókasafnskort á Bókasafni Seltjarnarness. Hægt er að sækja um kortið á heimasíðu Seltjarnarnes – www.seltjarnarnes.is.

Seltjarnarnesbær

Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes

Sími: 595 9100

Heimasíða: www.seltjarnarnes.is

Netfang: postur@seltjarnarnes.is

4.3.17 Free City Travel

Á síðunni [Free City Travel](http://www.freecitytravel.is) er samansafn af ýmsu sem er ókeypis í Reykjavík. Fyrsta útgáfan er á ensku og ætluð erlendum ferðamönnum, en síðar meir verður hún sett upp á íslensku líka.

5 Ráðgjöf og upplýsingar

5.1 Rauðakrosshúsið

Rauðakrosshúsið er miðstöð fyrir alla landsmenn þar sem þeim gefst tækifæri til að sækja ýmiss konar námskeið og fá fræðslu og sálrænan stuðning. Með starfseminni vill Rauði krossinn veita einstaklingum og fjölskyldum stuðning til að takast á við breyttar aðstæður eða nýta krafta sína öðrum til gagns. Félagsstarfið og fræðslan er opið öllum. Lögð er áhersla á samvinnu, stuðning og sjálfböðna vinnu. Starf Rauðakrosshúsins er byggt á áralangri reynslu félagsins af viðbrögðum í neyð.

Í miðstöðinni er tölvuver, kaffihorn, krakkahorn og þar eru haldin fjölbreytt, gjaldfrjáls námskeið.

Í Rauðakrosshúsinu geta einstaklingar sótt sér fjármála-, lögfræði- og sálfræðiráðgjöf hjá sérfræðingum sem bjóða fram vinnu sína í samstarfi við Rauða krossinn. Sjálfböðaliðar í Rauðakrosshúsinu veita upplýsingar um hvaða gögn nauðsynlegt er að hafa meðferðis til að viðkomandi ráðgjöf nýtist sem best. Miðað er við að biðtími eftir ráðgjöf sé að hámarki ein vika. Að auki er föst viðvera presta eða djákna í Rauðakrosshúsinu milli 15 og 16 alla virka daga. Fólk er hvatt til að hafa samband strax og erfiðleikar gera vart við sig.

Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 og er opið hús virka daga kl. 12 til 17.

Sími: 570 4000

Heimasíða: www.raudakrosshusid.is

Netfang: raudakrosshusid@redcross.is

5.2 Hjálparsími Rauða krossins 1717



Hjálparsími Rauða krossins 1717 er gjaldfrjáls sími sem er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem þurfa á aðstoð að halda vegna kvíða, þunglyndis, depurðar, efnahagsáhyggja eða jafnvel sjálfsvígshugsana. Hjálparsíminn 1717 gegnir því hlutverki að veita ráðgjöf til fólks á öllum aldri sem óskar eftir stuðningi.

Starfsmenn og sjálfböðaliðar 1717 veita upplýsingar um hvar megi leita frekari úrræða ásamt því að veita sálrænan stuðning. Meðal hlutverka Hjálparsímans er einnig að vera til staðar fyrir þá sem eru einmana og einangraðir og þurfa upplýsingar um samfélagsleg úrræði.

Allir sem starfa við 1717 eiga það sameiginlegt að vilja sýna náungakærleika og vera til staðar fyrir þá sem þurfa á einhverjum að halda til að ræða við. Þar er einnig öflug upplýsingaveita um hvernig hægt er að leita lausna á vandamálum þeirra einstaklinga sem leita til Hjálparsímans. Hjálparsíminn 1717 er opinn allan sólarhringinn allt árið um kring. Ókeypis er að hringja úr öllum sínum og trúnaður er alger.

5.3 Vinnumálastofnun

Á vefsíðu Vinnumálastofnunar er að finna fræðsluefni af ýmsum toga fyrir atvinnuleitendur. Þar er t.d. er hægt að finna gagnlegar ráðleggingar fyrir atvinnuviðtöl og gerð atvinnuumsóknar. Nánari upplýsingar á eftirfarandi vefsíðu:

<http://vinnumalastofnun.is/svmhb/>

Á Vinnumálastofnun er einnig hægt að tala við náms- og starfsráðgjafa.

Vinnumálastofnun Höfuðborgarsvæðisins

Engjateig 11, 105 Reykjavík

Sími: 515 4850

Heimasíða: www.vinnumalastofnun.is

Netfang: postur@vmst.is

5.4 Fræðslunet Suðurlands

Fræðslunet Suðurlands hefur sett undirsíðu á vefinn sem er ætlaður fólki í atvinnuleit og þeim sem hafa áhuga á efni tengdu kreppunni. Reynt verður að finna og miðla efni sem snertir málaefnið á Suðurlandi sérstaklega en einnig á landsvísu.

Slóðin er:

http://www.fraedslunet.is/index.php?option=com_content&view=category&layout=blog&id=53&Itemid=65

Fræðslunet Suðurlands

Tryggvagötu 25, 800 Selfoss

Sími: 480-8155

Netfang: fraedslunet@fraedslunet.is og steinunnosk@fraedslunet.is

5.5 Upplýsingar um fjármál –fjárhagsaðstoð

5.5.1 Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna

Ráðgjafarstofa aðstoðar fjölskyldur við að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum með ráðgjöf og veitir almenna fræðslu um fjármál heimilanna. Ráðgjafarstofa veitir fólki aðstoð við að fá yfirsýn yfir stöðu mála, hjálpar við gerð greiðsluáætlanna, velja úrræði og hafa milligöngu um samninga við lánardrottna ef þess er þörf.

Panta þarf tíma hjá Ráðgjafastofu í síma 551 4485 alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.

Símaráðgjöf er alla virka daga á sama tíma. Þjónustan er ókeypis. Sjá einnig upplýsingar um nýja starfsstöð að Sóltúni 26 í Reykjavík hér fyrir neðan.

Hægt að nota netspjall á síðunni www.fjolskylda.is/fjarmal

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna

Hverfisgötu 6, 2. hæð

Sími: 551 4485

Heimasíða: www.rad.is

Netfang: rad@rad.is

Í nýrri starfsstöð við Sóltún 26, Reykjavík mun fólk getur fólk komið án þess að hafa pantað tíma og fengið viðtal við ráðgjafa auglíti til auglitis.

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna – ný starfsstöð

Sóltúni 26, 105 Reykjavík

Sími: 551 4485

Heimasíða: www.rad.is

Netfang: rad@rad.is

5.5.2 Fjármálaráðgjöf

Ráðgjöf (skattalækkun)

Hægt er að sækja um lækkun á tekju- og útsvarstofni með vísan til 65. gr. laga nr. 90/2003 ef eftirfarandi töluliðir eiga við í tilfalli framteljanda.

Heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni. 65. gr.

<http://www3.rsk.is/skattalagasafn/?log=90.2003.5&tab=1>

Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

- Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
- Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnnum sjúkdómum eða er fatlað [---]¹⁾ og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
- Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
- Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
- Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
- Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

ATH. Ef skattstjóri lækkar tekjuskattsstofn m.v. til 2 töluliðs, ofangreindra málsgreinar ber viðkomandi sveitarfélagi að lækka útsvarsstofn um sömu fjárhæð í prósentum, skv lögum nr. 4/1995.

5.5.3 Félagsmálaráðuneytið

Á vef ráðuneytisins (www.felagsmalaraduneyti.is/upplysingar) er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar og hægt að komast inná netspjall eða senda fyrirspurnir á netfangið postur@fel.stjr.is eða með því að fylla út fyrirspurnarform.

Á vefnum er einnig hægt að fá upplýsingar fyrir útlendinga á Íslandi. Fjölmenningarsetur gefur upplýsingar á flestum tungumálum www.mcc.is

Upplýsingasímar þar sem svarað er á öðrum tungumálum:

Pólska 470 4708

Króatíska 470 4709

Tælenenska 470 4702

Í gjaldfrjálsu símanúmeri Félagsmálaráðuneytisins (800 1190) má fá beint samband við velferðarstofnanir sem veita upplýsingar vegna:

- Húsnæðislána
- Greiðsluerfiðleika

- Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta
- Atvinnuleitar eða atvinnuleysis

Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík

Sími: 545 8100 / gjaldfrjálst númer: 800 1190

Vefsíður: <http://www.felagsmalaraduneyti.is/>

www.felagsmalaraduneyti.is/upplysingar

Netfang: postur@fel.stjr.is

5.5.4 Forsætisráðuneytið

Forsætisráðuneytið hefur sett upp vefsíðuna www.island.is sem er almennur leiðarvísir að opinberri þjónustu fyrir einstaklinga / heimili og atvinnulíf / fyrirtæki. Á síðunni er hægt að finna sértækar upplýsingar um aðgerðir til hjálpar skuldsettum heimilum og fyrirtækjum auk fréttu frá ráðuneytinu.

Forsætisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, 150 Reykjavík

Sími 545 8400 - Gjaldfrjálst númer 800 1190

Heimasíða: www.island.is og www.iceland.org

Netfang: island@island.is og midstod@island.is

5.5.5 Íbúðalánasjóður

Í gjaldfrjálstu númeri (800 6969) má fá svör við spurningum um ástandið stöðu húsnæðislána.

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Sími: 569 6900

Gjaldfrjálst númer: 800 6969

Heimasíða: www.ils.is

Netfang: ils@ils.is

5.5.6 Tryggingastofnun

Í gjaldfrjálstu númeri (800 6044) svara þjónusturáðgjafar viðskiptavinum og upplýsa um lögbundin réttindi til almannatrygginga, félagslega aðstoð og greiðslur til foreldra langveikra og fatlaðra barna.

Tryggingastofnun

Laugavegi 114, 105 Reykjavík

Sími: 560-4400

Gjaldfrjálst númer: 800-6044

Heimasíða: www.tr.is

Netfang: tr@tr.is

5.5.7 Tryggingarsjóður innistæðu eigenda og fjárfesta

Viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf eiga aðild að sjóðnum. Á heimasíðu tryggingasjóðs er síða þar sem ýmsum spurningum er svarað. Þar eru greinagóðar upplýsingar um innistæður, lánmarkstryggingar o.þ.h.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Borgartún 26, 3. hæð, 105 Reykjavík

Sími: 540 1200, símaverið er opið: 09:00 - 16:00

Heimasíða: www.tryggingarsjodur.is

Netföng: tif@tif.is og tryggingarsjodur@tryggingarsjodur.is

5.5.8 Fjármálaeftirlitið

Fjármálaeftirlitið starfrækir upplýsinga- og leiðbeiningaþjónustu í síma 540 1200 fyrir neytendur. Síminn er opin alla þriðjudaga frá kl. 10-12 og fimmtudaga frá kl. 13-15. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir með tölvupósti og netfangið fyrirspurn@fme.is.

Fjármálaeftirlitið

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

Sími: 540 1200

Heimasíða: www.fme.is

Tölvupóstur: fme@fme.is; fyrirspurn@fme.is

5.5.9 Neytendasamtökin

Neytendasamtökin hafa tekið saman þau úrræði sem fólki í fjárhagsvanda standa til boða, sjá meðfylgjandi frétt á heimasíðunni hjá þeim:

http://ns.is/ns/frettir/?cat_id=6413&ew_0_a_id=323120

5.6 Ráðgjöf fyrir frumkvöðla

5.6.1 Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands –veitir ráðgjöf varðandi stofnun fyrirtækja. Fræðslu- og stuðningsverkefni fyrir frumkvöðla. Impra veitir öllum frumkvöðlum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi leiðsögn, sama í hvaða atvinnugrein þau starfa, hvort heldur á sviði iðnaðar, sjávarútvegs, þjónustu eða annarra greina íslensks atvinnulífs. Impra á Nýsköpunarmiðstöð heldur fjölbreytt námskeið fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki.

Impra - Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík

Sími: 522 9267

Heimasíða: www.impra.is.

5.7 Lagaleg ráðgjöf

5.7.1 Kvennaráðgjöfin

Kvennaráðgjöfin er ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir konur. Megintilgangur starfseminnar er að veita konum stuðning og ráðgjöf, en Kvennaráðgjöfin er opin öllum,

konum og körlum og má hvort sem er koma eða hringja. Þjónustan er endurgjaldslaus og þurfa þeir sem þangað sækja ekki að gefa upp nafn eða aðrar persónuupplýsingar.

Hjá Kvinnaráðgjöfinni starfa bæði lögfræðingar, félagsráðgjafar, laganemar og félagsráðgjafanemar í sjálfboðavinnu. Alltaf er þörf fyrir nýja sjálfboðaliða og leikur ekki vafi á því að reynslan af sjálfboðastörfum fyrir Kvinnaráðgjöfina kemur bæði félagsráðgjafar- og laganemum til góða.

Opnunartími: Þriðjudaga frá kl. 20-22 og fimmtudaga frá kl. 14-16

Kvinnaráðgjöfin

Túngötu 14 (Hallveigarstöðum), 101 Reykjavík

Sími 552 1500

Heimasíða: www.kvinnaradgjofin.is.

Netfang: radgjof@kvinnaradgjofin.is

5.7.2 Lögfræðiráðgjöf ÖBÍ

Markmið lögfræðiráðgjafar ÖBÍ er að auðvelda öryrkjum, fötluðum og aðstandendum að leita réttar síns. Um er að ræða lögfræðiráðgjöf þar sem lögmaður tekur ekki að sér einstök mál nema með samþykki ÖBÍ og er þá haft í huga að málið hafi fordæmisgildi fyrir aðra öryrkja og fatlaða. Þanta þarf viðtal hjá lögfræðingi á skrifstofu ÖBÍ. Viðtalstímar eru aðra hverja viku og oftast ef þess gerist þörf.

Þjónusta ráðgjafa- og lögfræðipjónustu ÖBÍ er fólki að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar: www.obi.is/um-obi/logfraedithjonusta

Öryrkjabandalag Íslands

Hátún 10, 105 Reykjavík

Sími: 552 6800

Heimasíða: www.obi.is

Netfang: obi@obi.is

5.7.3 Orator - ókeypis ráðgjöf hjá laganemum

Lögfræðiaðstoð Orators er endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð sem starfrækt er á fimmtudagskvöldum frá klukkan 19:30 til 22:00 í síma 551-1012. Starfsemin hefst í september ár hvert og stendur fram í miðjan apríl, að undanskyldum desembermánuði þar sem laganemar þreyta próf við deildina á þeim tíma.

Lögfræðiaðstoð Orators er starfrækt með því sniði að almenningi gefst kostur á að hringja inn og bera upp lögfræðilegar fyrirspurnir. Lögfræðiaðstoðin leitast við að svara þeim eftir bestu getu og leiðbeina fyrirspyrjanda um næstu skref við lausn sinna mála. Svör við fyrirspurnum eru ekki hugsuð sem endanleg lausn, enda verða þau að skoðast með þeim fyrirvara að þau séu almenns eðlis. Lögfræðiaðstoðinni er á engan hátt ætlað að koma í stað einstaklingsbundinnar skoðunar og ráðgjafar hjá lögmonnum og/eða öðrum sérfræðingum. Lögfræðiaðstoð Orators tekur ekki að sér neina skjalagerð né innheimtu.

Orator

Sími: 551 1012

Heimasíða: <http://www.orator.is/index.php?s=static&pageID=11>

5.7.4 Lögmannavaktin - ókeypis lögfræðiráðgjöf

Lögmannavaktin er ókeypis lögfræðiráðgjöf fyrir almenning. Þjónustan er veitt alla þriðjudagseftirmiðdaga og íbúar höfuðborgarsvæðisins koma á skrifstofu félagsins en íbúar landsbyggðar geta hringt. Athugið að pantatíma verður tíma á Lögmannavaktina, í síma 568 5620.

Ef það hentar ekki bendum við á lögfræðiaðstoð Orators. Þar er hægt að koma á framfæri fyrirspurnum á netinu auk þess að fá ráðgjöf í síma. Sjá nánar á heimasíðunni: www.islog.is

Markmiðið með starfseminni er að mæta vaxandi þörf almennings fyrir upplýsingar um réttarstöðu sína í nútímapjódfélagi.

Erlendis má víða finna sambærileg fyrirbæri og Lögmannavaktin er. Hérlendis hafa ýmsir aðilar í langan tíma veitt almenningi ókeypis lögfræðiaðstoð, t.d. Mæðrastyrksnefnd.

Á vef Lögmannafélagsins má finna lögmenn sem veita þjónustu á ensku, dönsku, frönsku, íslensku, ítölsku, norsku, spænsku, sænsku og þýsku. Einnig eyðublöð á dönsku, ensku, frönsku, íslensku, serbnesku/króatísku, spænsku, pólsku, tailensku og þýsku.

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík

Sími: 568 5620

Heimasíða: <http://www.lmfi.is/>

Netfang: lmfi@lmfi.is

5.7.5 Alþjóðahús

Hjá Alþjóðahúsi starfar lögfræðingur sem veitir skjólstæðingum ráðgjöf. Ráðgjöf frá lögfræðingi okkar kostar ekkert. Ef þú heldur að réttur þinn hafi verið brotinn getur ráðgjöf lögfræðingsins verið hjálpleg. Hafðu samband við móttöku Alþjóðahúss og segðu starfsmönnum hvert vandamálið er. Ef þeir geta ekki aðstoðað þig er hægt að pantatíma hjá lögfræðingnum.

Alþjóðahúsið

Laugavegur 37, 101 Reykjavík

Sími: 530 9300

Heimasíða: www.ahus.is

Netfang: info@ahus.is

5.7.6 Lögfræðipjónusta Lögréttu

Ókeypis Lögfræðipjónusta Lögréttu. Laganemar við Háskólann í Reykjavík veita ókeypis lögfræðipjónustu fyrir innflytjendur alla miðvikudaga frá 17-21. Þjónustan fer fram í kjallara Alþjóðahússins, Laugavegi 37 í Reykjavík.

Lögfræðipjónusta Lögréttu

Alþjóðahúsinu

Laugavegi 37, 101 Reykjavík

Sími: 869 7727 – svarað í símann milli kl. 17 og 21 á miðvikudagskvöldum.

Heimasíða: <http://www.logretta.is/index.php?view=page&pageID=46&mainlinkID=68>

5.8 Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélags Íslands

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins er fyrir þá sem greinast með krabbamein en ekki síður aðstandendur þeirra og vini. Þjónustan er opin yfir sumarmánuðina virka daga kl. 9-14. Þjónustan er einnig ætluð fólki sem býr úti á landi og erlendis og er þá veitt í gegnum síma, tölvupóst eða Skype. Einstaklingar utan af landi sem eru í meðferð í Reykjavík eða eru með ættingjum eru hvattir til að nýta sér þjónustuna. Lögð er áhersla á að fólk er velkomið óháð því hvenær krabbameinið greindist þ.e. hvort sem það eru mánuðir eða mörg ár síðan. Einnig að veittur er stuðningur varðandi vandamál sem ekki eru beint tengd krabbameininu en eru íþyngjandi og koma upp á yfirborðið þegar viðkomandi greinist eða seinna í ferlinu.

Náið samstarf er við krabbameinsfélög á landsbyggðinni og þjónustuskrifstofur og fara starfsmenn Ráðgjafarþjónustunnar út á land með fyrirlestra og fræðslu eftir því sem óskað er.

Yfir sumarmánuðina er boðið upp á einstaklingsviðtöl, fjölskyldufundi, fræðslu og gönguhóp. Í Ráðgjafarþjónustunni er hægt að fá aðstoð við að afla upplýsinga um áunnin réttindi og einnig er aðstoðað við að sækja um lífeyri sem fólk á rétt á og önnur fjárhagsleg vandamál.

Þjónusta Ráðgjafarþjónustunnar er veitt án endurgjalds. Nánari upplýsingar er að finna á www.krabb.is/rad.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélags Íslands

Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Gjaldfrjáls sími: 800 4040

Sími: 540 1912 / 540 1916 / 540 1900

Heimasíða: www.krabb.is/rad

Netfang: <mailto:8004040@krabb.is>

5.9 Inflúensa.is

Vefsvæðið www.influensa.is er ætlað til fræðslu og upplýsingagjafar fyrir almenning og fagaðila um árlega inflúensu, fuglainflúensu og heimsfaraldur inflúensu.

Vefsvæðið er samvinnuverkefni sóttvarnalæknis, almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Samvinna þessara aðila er nauðsynleg til að samræma aðgerðir gegn heimsfaraldri inflúensu og gegn fuglainflúensu sem er fyrst og fremst sjúkdómur í fuglum en getur í undantekningartilfellum smitast í menn.

Sóttvarnalæknir og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hafa í sameiningu unnið að viðbragðsáætlun gegn heimsfaraldri inflúensu í samræmi við ákvörðun ríkistjórnarinnar frá 10. febrúar 2006. Sömuleiðis hefur verið mikil samvinna hjá sóttvarnalækni, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun í forvörnum gegn fuglainflúensu til að hefta útbreiðslu í dýrum og koma í veg fyrir smit í mönnum.

5.10 Alþjóðahús

Þú getur fengið aðstoð eða ráðgjöf í Alþjóðahúsi. Það skiptir ekki máli hvaða upplýsingar eða hjálp þig vantar, við munum reyna að aðstoða þig. Meðal spurninga sem við reynum að svara er: Hvar fæ ég kennitölu eða hvar er hægt aðná í tiltekin eyðublöð? Einnig getur þú leitað til Alþjóðahúss vegna alvarlegri mála, t.d. um atvinnu- og dvalarleyfi, tryggingar, menntun, húsnæði eða réttindi einstaklinga.

